

**9.fundur 2012** 1. október. Mættir : Halldór Jónsson, Hrefna Birkisdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og varamennirnir Svanur Guðmundsson og Katrín Gísladóttir.  
Guðbjartur Gunnarsson er í veikindaleyfi en Sigurður Hreinsson boðaði forföll.  
Sturla Böðvarsson mætti.

1. Hitaveitumál.  
Sturla Böðvarsson mætti á fundinn að beiðni stjórnar Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps til að gera grein fyrir stöðu mála í því verkefni sem honum var falið.  
Sturla lýsti hvernig verkefnið hafi gengið og þeim hugmyndum sem hann leggur til að farið verði út í.  
Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með framgang málsins og styður framgang þess á grundvelli vinnuþlaggs frá Sturlu Böðvarssyni. Sveitarstjórn telur brýnt að komið verði lagi á dreifingu heita vatnsins og gjaldskránni verði breytt til samræmis við aðrar sambærilegar hitaveitur.
2. Fundargerð Skipulags- og bygginganefndar lögð fram og hún samþykkt.
3. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.  
Fjárhagsáætlun og fundargerð lagðar fram. Fjárhagsáætlun samþykkt.  
Í fundargerð var meðal annars tekið á starfsleyfi Félagsbúsins að Miðhrauni II.
4. Heimasíðan.  
Matz gerir sveitarfélaginu tilboð um að skaffa myndir á heimasíðuna á 5000 kr/mynd. Í tvö ár. Um era ð ræða 50 myndir. Meirihluti sveitarstjórnar greiðir þessu sitt atkvæði.
5. Beiðni vegna verkefnisins Svæðisgarður Snæfellsness – svæðisskipulag. Erindið samþykkt.
6. önnur mál. Engin.